

Fætur undir borðinu

Leikskóli

Í þessu verkefni sitja börnin í kringum borð. Þau eiga að finna út hversu margir fætur eru undir borðinu án þess að kíkjja. Þau geta notað ýmis verkfæri til þess að hjálpa sér, eins og kubba eða teikningu til þess að hjálpa sér.

Gögn:

- Hluti sem börnin geta notað til að telja með, svo sem kubba. 15 á hvert barn
- Lítinn hóp af börnum í kringum borð
- Pappír og blýant, einn fyrir hvern nemanda.

Fyrirmæli:

1. Fáðu lítinn hóp af börnum til setjast niður í kringum borð með þér og settu hlutina í miðjuna sem þau eiga að nota til að telja með.
2. Spurðu börnin hvað þau haldi að sé undir borðinu. Þegar þau segja „fætur“ skaltu bjóða þeim að búa til hljóð með fótunum sínum svo þau geti verið viss um að það séu fætur þarna undir.
3. Spurðu þau hvað þau haldi að séu margir fætur undir borðinu án þess að kíkjja. Bentu þeim á að nota hlutina á borðinu eða pappír og blýant til að hjálpa sér. Útskýrðu fyrir þeim að þau þurfi að lokum að útskýra hvernig þau fundu það út með því að sýna það á blaði.
4. Fylgstu með þeim á meðan þau vinna og hjálpaðu þegar þörf krefst.
5. Spyrðu þau hvernig þau hafa sýnt fætunarnar á blaðinu sínu og einnig hversu marga fætur þau halda að séu undir borðinu samtals.
6. Þegar allir krakkarnir eru búnir má kíkjja undir borðið til að sjá hvort að lausnin þeirra var rétt.